

33. gr.

Endurskoðendur eiga frjálstan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

116

8. júlí

34. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra fyrirmæla, er þar um gilda. Ber þeim gaungæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugavert, svo að úr verði hætt tafarlaust.

35. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir lok marzmánaðar. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

36. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér ekki saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrir-mæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðunarmönnum fyrir starf þeirra. Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 8. júlí 1944.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Bjargarsjóð“, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. júlí 1944.

117

18. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bjargarsjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Bjargarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 10. júní 1944 af Guðjóni Guðmundssyni, bónda á Ljótunnarstöðum, til minningar um konu hans, Björgu Andrésdóttur. Erú á stofndegi sjóðsins liðin 77 ár frá því er hún fæddist, en hún andaðist 9. febr. 1929.

117

18. júlí

3. gr.
Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur. Heimilt er að auka sjóðinn með gjöfum og áheitum.

4. gr.

Ávaxta skal sjóðinn í Sparisjóði Hróttfirðinga, eða á annan eigi ótryggari hátt.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að góðri meðferð og öruggri fóðrun búfjár í Bæjarhreppi, með því að veita verðlaun þeim, sem að álitum forðagæzlumanna skara fram úr öðrum um góða meðferð á búfé sinu og gætilegan ásetning, svo og síðar meir, þegar fjárhagur sjóðsins leyfir, sbr. 7. gr., að veita styrki til jarðræktar.

6. gr.

Verðlaun úr sjóðnum skal fyrst um sinn veita fimmta hvert ár, einum manni í senn, og má upphæð verðlaunanna ekki fara fram úr tvöföldum ársvöxtum af höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir yfir 100 krónur, má verja helmingi þeirra til verðlauna og styrks, samkvæmt 5. gr. Styrkur til jarðræktar skal einkum veittur fátækari, dugandi mönnum, og ganga þeir, að öðru jöfnu, fyrir, sem hafa stofnað nýbýli í hreppnum.

8. gr.

Hreppsnefnd Bæjarhrepps hefur stjórn sjóðsins á hendi. Annast hún reikningshald sjóðsins, styrkveitingar og annað, er honum við kemur. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af sýslunefnd Strandasýslu, ásamt hreppsreikningum Bæjarhrepps.

9. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Ljótunnarstöðum, 10. júní 1944.

Guðjón Guðmundsson.

118

1. ágúst

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð fyrir bátabryggjuna og bátauppsátrið á Blönduósi, nr. 185 13. nóvember 1941.

Öll gjöld samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar skulu innheimtast með 100% viðauka.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.